

KJARASAMNINGUR

Milli Menningarfélags Akureyrar (MAK) kt. 431014-0330 og Félags íslenskra leikara (FÍL) kt. 530169-7319 um kaup og kjör leikara hjá leiklistarsviði MAK

1. RÁÐNING

1.1 Leikarar skulu ráðnir; ótímabundin ráðning eða tímabundin ráðning í eitt eða fleiri leikverk.

1.2 Lámarslengd ótímabundinnar ráðningar leikara er 12 mánuðir hið skemmsta og er heimilt að segja honum upp með sex mánaða fyrirvara. Tímabundin ráðning hefur fastan upphafsdag og lokadag rennur þá út án uppsagnar.

1.3 Tímabundin ráðning leikara miðast við dagsetningu á fyrsta samlestri eða fyrstu boðuðu æfingu til síðustu sýningar, þó ekki skemmri en 4 mánuðir. Heimilt er þó að semja um ráðningu til skemmri tíma, þegar um er að ræða verkefni sem ekki falla undir skilgreininguna hefðbundin kvöldsýning og styttri verkefni. Samið skal um slíkt fyrirfram og þess getið í ráðningarsamningi. (sjá bókun 2 frá Mak varðandi sérgreind verkefni MAK.) Tímabundin ráðning leikara skuldbindur hann þó ekki lengur en í 12 mánuði frá frumsýningu, nema um annað sé samið sérstaklega. Óheimilt er að gera hlé á æfingum eða sýningum og taka leikara af launum, nema þess sé getið í ráðningarsamningi. Ráðningarsamningur leikara skal gerður með góðum fyrirvara áður en æfingar hefjast. Skal í honum tilgreint leikverk sem um ræðir, æfingatímabil og áætluð frumsýning. Eftir að 4 mánaða samningstíma lýkur framlengist ráðning um einn mánuð í senn, á meðan á sýningum stendur.

MAK er þó heimilt að framlengja sýningartímabili í allt að viku umfram heilan sýningarmánuð og skal þá greiða þriðjung fastra mánaðarlauna vegna þess tíma. Tímabundið ráðinn leikari hefur sömu réttindi og skyldur og leikari sem er ráðinn ótímabundið meðan hann er á samningi hjá MAK og getur því tekið að sér fleiri verkefni fyrir MAK á þeim tíma sem hann starfar hjá félaginu, sbr. grein 6.7.

2. LAUNAFLOKKAR OG SÝNINGAKAUP.

2.1 Mánaðarlaun leikara með tímabundna eða ótímabundna ráðningu skulu greidd skv. svohljóðandi launatöflu:

1. maí 2017

	laun	tímav	yfirv
1 Byrjunarlaun	430.761	2.649	4.473
2 Eftir 1 ár í starfi	450.195	2.769	4.675
3 Eftir 3 ár í starfi	461.529	2.838	4.793
4 Eftir 6 ár í starfi eða lífaldur 35-39	482.582	2.968	5.012
5 Eftir 12 ár í starfi eða lífaldur 40-44	505.254	3.107	5.247
6 Eftir 20 ár í starfi eða lífaldur 45-49	516.589	3.177	5.365
7 Eftir 25 ár í starfi eða lífaldur 50-54	540.880	3.362	5.617
8 Eftir 30 ár í starfi eða lífaldur 55+	566.792	3.486	5.886

1. ágúst 2017 +4,5%

	laun	tímav	yfirv
1 Byrjunarlaun	450.145	2.768	4.675
2 Eftir 1 ár í starfi	470.454	2.893	4.886
3 Eftir 3 ár í starfi	482.298	2.966	5.009
4 Eftir 6 ár í starfi eða lífaldur 35-39	504.298	3.101	5.237

5	Eftir 12 ár í starfi eða lífaldur 40-44	527.990	3.247	5.483
6	Eftir 20 ár í starfi eða lífaldur 45-49	539.836	3.320	5.606
7	Eftir 25 ár í starfi eða lífaldur 50-54	565.220	3.476	5.870
8	Eftir 30 ár í starfi eða lífaldur 55+	592.298	3.643	6.151

1. febrúar 2018 +3,0%

	laun	tímav	yfirv	
1	Byrjunarlaun	463.649	2.851	4.815
2	Eftir 1 ár í starfi	484.568	2.980	5.032
3	Eftir 3 ár í starfi	496.767	3.055	5.159
4	Eftir 6 ár í starfi eða lífaldur 35-39	519.427	3.194	5.394
5	Eftir 12 ár í starfi eða lífaldur 40-44	543.830	3.345	5.648
6	Eftir 20 ár í starfi eða lífaldur 45-49	556.031	3.420	5.774
7	Eftir 25 ár í starfi eða lífaldur 50-54	582.177	3.580	6.046
8	Eftir 30 ár í starfi eða lífaldur 55+	610.067	3.752	6.336

Röðun í launaflokka í launatöflu skv. 1.1. miðast við eftirfarandi:

Flokkur 1 – 3 starfsaldur / Flokkur 4 – 8 lífaldur eða starfsaldur

2.2 Uppgjörstímabil launa er hver mánuður fyrir sig, uppgjörstímabil yfirvinnu er frá 20. til 19. hvers mánaðar.

3. YFIRVINNA OG ÁLAGSGREIÐSLUR

3.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki skv. gr. 2.1 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

3.2 Yfirvinna telst sú vinna sem innt er af hendi utan vinnuskyldu, sbr. 5., 6., 7. og 8. kafla.

3.3 Taki leikari að sér hlutverk með stuttum fyrirvara, t.d. vegna veikinda annars leikara, skal greiða honum álag. Greiðslan skal metin út frá hlutverkastærð og þeirri heimavinnu sem leikari þarf að vinna vegna þessa.

3.4 Fyrir hverja sýningu skal greiða leikara sýningalaun að upphæð kr. 6.479. Fyrir sýningar sem eru styttri en 1 klst. skal greiða 3.329. Þann 1. febrúar 2018 hækkar sýningakaup í 6.673 / 3.429.

4. STARFSALDUR

4.1 Starfsaldur skv. gr. 2.1 ákvarðast af lengd félagsaðildar leikara að FÍL eða útskrift úr viðurkenndum leiklistarskóla. Þeir sem hafa hærri starfsaldur við gildistöku þessa ákvæðis halda honum áfram.

5. VINNUTÍMI

5.1 Vinnuskylda leikara í fullu starfi skal vera 40 klst á viku. Uppgjörstímabil vinnuskyldu er skv. gr. 2.2.

5.2 Vinnuskylda sína innir ótímabundið og tímabundið ráðin leikari af hendi með leiksýningum skv. ákvörðun MAk, æfingum, heimavinnu og annarri vinnu skv. gr 6.7 - Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti með skriflegu samkomulagi leikara og sviðsstjóra leiklistarsviðs.

5.3 Óunnin vinnuskylda fellur niður við lok hvers uppgjörstímabils skv. gr. 2.2.

5.4 Á hverju sjö daga tímabili skal leikari fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma. Ef nauðsyn krefur og sérstök þörf er á vegna eðlis starfs leikara og starfsemi leikhúsa er MAk heimilt í samráði við leikara að fresta vikulegum frídegi að leikari fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga komi tveir samfelldir frídagar. Þess verði þó ávallt gætt með öllum ráðum að leikari fái nauðsynlegan vikulegan frídag. Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvaramandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái leikari samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.

5.4 Leikarar sem sýna í páskavíkunni, þ.e. frá og með miðvikudegi fyrir páska til og með þriðjudags eftir páska, skulu fá viku samfelld frí á leikárinu. Ef ekki reynist unnt að veita fyrrgreint frí skuldbindur félagið sig til að greiða upphæð sem nemur 23% mánaðarlauna skv. gr. 2.1. Sviðsstjóri leiklistarsviðs skal, eins og kostur er, koma til móts við óskir leikara um hvenær unnt er að veita slíkt leyfi.

6. ÆFINGAR

6.1 Daglegur æfingartími skal vera á tímabilinu frá kl. 09:00 til 17:00, frá mánudegi til fimmtudags. Á föstudögum skal æfingum ljúka eigi síðar en kl. 16:00. Hámarks lengd daglegra æfinga má vera 6 klst samfelld. Hver byrjuð æfing telst 4 klst minnst í vinnuskyldu.

6.2 Heimilar eru 8 kvöldæfingar á hverju verki innan vinnuskyldu. Kvöldæfingar umfram þessar 8 greiðast með yfirvinnukaupi. Kvöldæfingar mega standa í 6 klst á tímabilinu kl. 17:00 - 23:00. Kjósi samningsaðilar báðir að hnika til æfingartíma til hagræðis fyrir báða aðila má gera samkomulag um slíkt.

6.3 Kvöldæfingar eru leyfðar frá þriðjudegi til fimmtudags, þó er heimilt að æfa tvo síðustu föstudaga fyrir hverja frumsýningu og síðasta mánudagskvöld fyrir hverja frumsýningu innan vinnuskyldu.

6.4 Æfing hefst þegar leikari mætir skv. æfingaboði á leiksvið eða samlestur byrjar. Æfingu lýkur þegar leikari yfirgefur leiksviðið eða þegar samlestri er hætt skv. æfingaboði. Sá tími sem leikari er að farða sig, íklæðast búningi eða sinna öðrum undirbúningi að beiðni leikstjóra telst til æfingartímans.

6.4 Leikstjóri/verkefnastjóri ákveður hvenær gerð skulu hlé á æfingum/verkefnum. Á hverjum 6 klst vinnudegi skal gefa 30 mín. matarhlé. Auk þess skal veita eitt 10 mín. hlé. Eftir 6 klst skal veita 10 mín. hlé fyrir hverja klst.

6.5 Leikari skal vera laus frá æfingu minnst 4 klst áður en leiksýning sem hann er þátttakandi í hefst.

6.6 Æfingar heima (heimavinna) reiknast 6 klst á viku í vinnuskyldu. Fyrir mjög stórt hlutverk, skal heimavinna reiknast 10 klst. Slík heimavinna, þ.e. 10 klst á viku fellur niður þegar sýningar hefjast og verður þá 6 klst. Frá og með 1. ágúst 2017 verður heimavinna 7 klst. á viku í vinnuskyldu.

6.7 Með viku fyrirvara er hægt að boða leikara, eins og um æfingu sé að ræða í vinnu við eftirfarandi: verkefnaval, þjálfun líkama og raddar, starf með dramaturgi og höfundum að verkum í vinnslu, endur- og símenntun, aðstoð á sviði [\[1\]](#), aðstoð við leikstjórn, hvísl, undirbúning og móttöku skólabarna og hópa sem koma til að kynna starfsemi leikhússins, leiklestur og kynningar á verkefnum leikhússins.

7. SÝNINGAR

7.1 Sýningar mega vera alla daga vikunnar nema mánudaga. Undanskyldir eru þó annar í hvítasunnu og annar í jólum, beri hann upp á mánudag. Þá eru sýningar ekki leyfðar á þeim frídögum sem tilgreindir eru í gr. 5.3. nema með sérstöku samþykki leikara. Vinnan reiknast þá skv. gr. 7.2 en við bætist 50% hátíðarálag.

7.2 Vinnutími í leiksýningum reiknast þannig : Stór hlutverk 7 klst. Önnur hlutverk 5 klst. Standi leiksýning lengur en 3½ klst að meðtöldu leikhléi, skal reikna 1 klst til viðbótar. Standi leiksýning lengur en 4 klst að meðtöldu leikhléi, skal reikna samtals 2 klst til viðbótar.

7.3 Ef um sýningu er að ræða þar sem einn leikari tekur þátt, skal semja sérstaklega um tímafjölda sem reiknast inn í vinnuskyldu.

7.4 Taki leikari þátt í fleiri en einni sýningu á dag skal hann fá bókaðar 3 klst í vinnuskyldu fyrir biðtíma milli leiksýninga. Ef um er að ræða tvær barnasýningar sem leiknar eru að degi til skal biðtíminn reiknast 1½ klst.

7.5 Sýningar á daglegum æfingartíma geta verið tvær ef þær rúmast innan vinnuskyldu skv. gr. 6.1, enda standi sýningin ekki lengur en 1½ klst og reiknast 3 klst í vinnuskyldu.

7.6 Stuttar sýningar, að 45 mín. á daglegum æfingartíma, fyrir heimsóknir skólabarna í leikhúsið, reiknast 1½ klst í vinnuskyldu, sýning sem tekur ½ klst. reiknast 1 klst í vinnuskyldu.

8. BOÐUN OG MÆTINGAR

8.1 Leikara ber að fylgjast með æfinga- og sýningaáætlun MAk sem skal greinilega tilkynnt á aðgengilegum stað í leikhúsinu. Á föstudögum skal æfingartími næstu viku auglýstur.

8.2 Æfingar skal boða með minnst 24 klst fyrirvara og skal tekið fram í æfingaboði hve lengi æfing muni standa. Þurfi að afboða æfingu skal það gert með minnst 12 klst fyrirvara.

8.3 Leikara er skylt að mæta stundvíslega til æfinga og fara ekki af æfingu fyrr en henni er lokið, nema með leyfi leikstjóra.

8.4 MAk er skylt að láta bóka allar æfingar í þar til gerðar æfingaskrár.

8.5 Sýningaáætlun skal ná a.m.k. mánuð fram í tímann. Ekki er hægt að ákveða sýningu með minna en fjögurra sólarhringa fyrirvara. Afboða ber sýningu með minnst 48 klst fyrirvara. Ef sýning er ekki afboðuð með tilskildum fyrirvara á leikari rétt á að færa þá sýningu inn í vinnuskyldu.

8.6 Á leiksýningu skal leikari vera mættur með hæfilegum fyrirvara fyrir byrjun þess atriðis sem hann kemur fram í. Leikara ber að tilkynna sýningarstjóra um komu sína í leikhúsið a.m.k. 30 mín. fyrir fyrstu innkomu. Leikari má ekki yfirgefa leikhúsið fyrr en þátttöku hans í verkinu er lokið.

8.7 Sé leikari boðaður fyrr en 1½ klst áður en sýning hefst, reiknast sá tími sem yfirvinna.

8.8 Standi sýning eða kvöldæfing fram yfir kl. 23:00 þarf leikari ekki að mæta fyrr en kl. 11.00 næsta morgun.

9. LEIKFERÐIR

9.1 Ef um leikferð er að ræða sem fellur undir daglegan vinnutíma og leikari þarf ekki að dvelja fjarri heimili sínu yfir nótt, er eins og um venjulega leiksýningu sé að ræða. Þeir tímar sem fara fram yfir þann vinnustundafjölda sem dagleg æfing telst, þ.e. 6 klst og leiksýning reiknast, skulu greiddir sem yfirvinna. Í slíkum leikferðum skal MAk greiða fyrir fæði og ferðakostnað.

9.2 Fyrir leiksýningar sem taka stuttan tíma í sýningu og falla undir gr. 7.5 skal greiða yfirvinnu ef ferðin tekur meira en 6 klst frá því lagt er af stað og þar til komið er til baka. MAk skal greiða fæði og ferðakostnað.

9.3 Um lengri leikferðir skal semja sérstaklega hverju sinni. Leikara skal tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara hvenær brottför í slíkar leikferðir er fyrirhuguð og hve lengi hún muni standa.

10. ORLOF, ORLOFSUPPBÓT OG DESEMBERUPPBÓT

10.1 Leikarameð ótímabundna ráðningu ber 62 virkir dagar í orlofi. Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september. Leikurum skal tilkynnt í síðasta lagi 1. mars hvenær sumarleyfi þeirra hefjast. Leikara ber að nýta orlof sitt að afloknu orlofsári, enda hafi honum verið tilkynnt með tilskyldum fyrirvara hvenær orlof hans stendur.

10.2 Taki leikari ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni sviðsstjóra leiklistarsviðs, geymist orlofið til næsta árs ella ber honum tvöfalt mánaðarkaup fyrir starf sitt þann tíma.

10.3 Heimilt er með samkomulagi leikara og sviðsstjóra leiklistarsviðs að leikari tvísskipti orlofi og taki að hluta orlof sitt utan hefðbundins orlofstíma. Frídagur sem tilgreindir eru í grein 5.3 telja ekki inn í orlofstíma.

10.4 Veikist leikari í orlofi, telst sá tími sem veikindunum nemur ekki til orlofs. Skal leikari staðfesta slík veikindi með læknisvottorði frá trúnaðarlækni MAK.

10.5 Ótímabundið ráðin leikari skal fá 10,17% orlofsfé á alla yfirvinnu skv. samningi þessum. Tímabundið ráðin leikari skal fá 10,17% orlof á öll laun skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skulu ótímabundið og tímabundið ráðnir leikarar fá 11,59% og við 38 ára aldur skulu þeir fá 13,04%.

10.6 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. MAK greiðir 0,25% af öllum launum leikara í orlofssjóð BHM. Hinn 1. júní ár hvert skal leikarari sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 46.500. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 48.000.

10.7 Desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir: Á árinu 2017 kr. 86.000. Á árinu 2018 kr. 89.000.

Leikari óháð ráðningu sem er við störf í fyrstu viku nóvember mánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi leikarinn gengt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig leikari sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt leikari sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

11. KYNNISFERÐIR

11.1 MAK skuldbindur sig til, eftir því sem við verður komið, að veita ótímabundið ráðnum leikurum, sem starfað hafa hjá MAK í fullu starfi í a.m.k. 10 ár samfelt fjögurra mánaða leyfi frá störfum á fullum launum til að kynna sér leikhúsmenningu erlendis og tveggja mánaða leyfi á 5 ára fresti eftir það. Skulu viðkomandi í samráði við sviðsstjóra leiklistarsviðs skipuleggja slíka ferð með minnst 6 mánaða fyrirvara.

12. FÆÐINGARORLOF

12.1 Leikari á rétt á fæðingarorlofi í samræmi við lög um fæðingar – og foreldraorlof nr. 95/2000. Leikari skal tilkynna um töku fæðingaorlofs með 6 mánaða fyrirvara.

13. VEIKINDAFORFÖLL OG SLYSABÆTUR

13.1 Ef ótímabundið ráðin leikari á fyrsta ári ráðningar hefur verið frá starfi vegna veikinda í fulla 2 mánuði á leikárinu, ber MAK ekki skylda til að greiða honum meira en hálf laun frá þeim tíma og þar til hann tekur til starfa á ný, þó ekki lengur en í 2 mánuði. Eftir eitt ár í starfi á ótímabundið ráðin leikari rétt á 4 mánaða veikindafríi á fullum launum og 2 mánuðum á hálfum launum.

13.2 Ef tímabundið ráðin leikari forfallast vegna veikinda eða slyss eftir 2 mánaða starf á hann rétt á fullum greiðslum í tíu virka daga. Á þriðja mánuði í 14 daga og á fjórða mánuði ráðningar eða eftir það, á leikarinn rétt á einum mánaðarlaunum í veikindum.

13.3 MAk ber að tryggja leikara fyrir slysum sem hann kann að verða fyrir á sýningum, æfingum og við önnur störf skv. samningi þessum, þ.á.m. vegna eigin gáleysis. Um tryggingarupphæðir fer eftir ákvæðum þar að lútandi í kjarasamningi milli Starfsmannafélags Akureyrarbæjar og Akureyrarbæjar eins og þau eru á hverjum tíma.

14. UPPTÖKUR Á HLJÓÐBÖND OG MYNDBÖND

14.1 Upptökur í auglýsinga- og kynningarskyni skulu fara fram á æfingatíma, þó ekki tvo síðustu dagana fyrir frumsýningu.

14.2 MAk skal heimilt að taka upp á myndband/hljóðband leiksýningar sem sviðsettar eru á þess vegum.

14.3 Upptökur sem eru gerðar á vegum Mak eru gerðar í heimildaskyni. Ef þriðji aðili falast eftir upptökunum til útgáfu eða dreifingar skulu gerðir um það sérstakir samningar við þann aðila, MAk og FÍL.

14.4 MAk er ekki heimilt að sýna þessar upptökur án vitundar trúnaðarmanns FÍL í viðkomandi sýningu. Opinber sýning án undangenginna samninga skv. gr. 14.3 er með öllu óheimil. Upptökur þessar skal MAk varðveita og óheimilt er að fjölfalda eða lána þær út.

14.5 Að öðru leyti fer um slíkar upptökur skv. lögum um höfunda- og flytjendarétt.

14.6 Ákvæði þessa kafla skulu einnig gilda um eldri upptökur á mynd- og hljóðböndum auk kvikmyndaðra atriða.

15. FORGANGSRÉTTUR FÉLAGSMANNA FÍL

15.1 MAk skuldbindur sig til að láta félagsmenn FÍL sitja fyrir hlutverkum í leiksýningum.

15.2 MAk ber að halda eftir af launum leikara 1% félagsgjald í FÍL og standa Félagi íslenskra leikara skil á því eigi síðar en síðasta virkidag hvers mánaðar, FÍL að kostnaðarlausu. Einnig skal MAk draga af leikurum 0,18% heildarlauna í félagsgjald BHM og standa skil á því til viðkomandi.

15.3 Telji MAk nauðsynlegt að ráða utanfélagsmann í hlutverk skal leita samþykkis stjórnar 3. deildar FÍL og skal hann fá greidd laun skv. samningi þessum, enda haldi MAk eftir af launum hans félagsgjaldi skv. gr. 15.2 sem renni til FÍL eins og um félagsmann væri að ræða.

15.4 Undanþegnir ákvæðum gr. 15.1 og 15.3 eru þeir þátttakendur í leiksýningum sem eru yngri en 18 ára, kórmeðlimir, svo og aukaleikarar (statistar).

16. LÍFEYRIS- OG SJÚKRASJÓÐUR

16.1 MAk greiðir 8% af öllum launum leikara í þann lífeyrissjóð sem leikari tilgreinir í ráðningarsamningi á móti iðgjaldi leikara og ber MAk að standa sjóðnum skil á iðgjaldagreiðslum í samræmi við reglugerð hans.

16.2 Óski leikari eftir því greiðir MAk 2% mótframlag gegn, að lágmarki 2% greiðslu leikara af heildarlaunum í þann séreignarlífeyrissjóð sem leikari velur.

16.3 MAk skal greiða 1% af launum leikara skv. samningi þessum í sjúkrasjóð BHM.

16.4 MAk skal greiða 0,22% af launum leikara skv. samningi þessum í Starfsmenntasjóð BHM

17. ÝMIS ÁKVÆÐI

17.1 MAk leggur til leikbúninga, hárkollur, farða og nauðsynlega muni til leiks í hlutverki hvers leikara eftir því sem þörf er á.

17.2 Tímabundið eða ótímabundið ráðnum leikurum er óheimilt að starfa að leiksýningum hjá öðrum, í sjónvarpsleik og kvikmyndum, án samþykkis sviðstjóra leiklistarsviðs. Slíkt leyfi ber að veita enda hamli það ekki starfi leikara hjá MAK. Hamli það hins vegar starfi hans hjá MAK á viðkomandi leikari þess kost að fara í launalaust leyfi, að fengnu samþykki sviðsstjóra leiklistarsviðs.

17.3 MAK greiðir 10% álag ofan á föst laun til tímabundið ráðinna leikara sem búsettir eru utan Eyjafjarðarsvæðis, vegna ferða og búsetukostnaðar meðan á ráðningartíma standur. Þar sem um útlagðan kostnað leikara er að ræða er álagið er undanþegið staðgreiðslu.

17.4 Aðilar að samningi þessum skulu hvor um sig tilnefna tvo menn í samstarfsnefnd til að fjalla um og jafna ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd eða túlkun samningsins.

17.5 Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Akureyrar og skuldbinda báðir aðilar sig til að mæta með innanbæjarfyrirvara.

18. GILDISTÍMI OG HÆKKANIR

18.1 Samningur þessi gildir til 31.mars 2019 með þeim fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

18.2 Þann 1.ágúst 2017 hækka laun um 4,5% og þann 1. febrúar 2018 hækka laun leikara um 3%. sbr grein 2.1

Akureyri 27. maí 2017

F.h. Menningarfélags Akureyrar
Með fyrirvara um samþykki stjórnar:

Jón Páll Eyjólfsson

Puríður Helga Kristjánsdóttir

Fh. Félags íslenskra leikara
Með fyrirvara um samþykki stjórnar:

Birna Hafstein

Hrafnhildur Theodórsdóttir

BÓKUN

1. Trúnaðarmaður leikara, leikstjóri og leikhússtjóri meti hlutverkastærð skv. gr. 6.6, 7.2 og 7.3. Eins munu þessir aðilar fjalla um álagsgreiðslu skv. gr. 3.3

2. Sviðssetning í sinni einföldustu mynd og ekki lengri en 70 mínútur sem tengjast samfélagslegum verkefnum eða sviðslistarannsóknum. Samningur aldrei skemmri en einn mánuður.

[1] Með aðstoð á sviði er átt við aðstoð sem er hluti af leiksýningu eða æfingu.